

Fundargerð stjórnar foreldrafélags Grunnskóla Fjallabyggðar

Miðvikudaginn 10. janúar 2018 kl. 17, á Ólafsfirði

Mættar voru: Hugborg Inga Harðardóttir, formaður, Telma Björk Birkisdóttir, gjaldkeri, Katrín Freysdóttir, ritari, Björk Óladóttir, Diljá Helgadóttir, Katrín Sif Andersen og Jónína Magnúsdóttir

1. Vegnar dræmrar þátttöku verður ekki af kaupum á skólapeysum. Ritari tók að sér að senda tölvupóst til foreldra.
2. Samþykki hefur komið frá Fjallabyggð um styrk að fjárhæð kr. 100.000. Þá hefur félaginu borist styrkur frá Slysavarnardeild kvenna í Ólafsfirði að fjárhæð kr. 50.000 og þökkum við þeim kærlega fyrir.
3. Febrúarfundur. Ákveðið var að kanna möguleika á sameiginlegri forvarnar fræðslu foreldra og barna. Formaður tók að sér að senda fyrirspurn á heimili og skóla og Saft. Ákveðið var að hittast aftur þegar svör hefðu borist og ákveða þá dagsetningu fundarins.
4. Gjaldkeri upplýsti um stöðu á innheimtu félagsgjalda. Staðan er góð, aðeins eru 16 kröfur ógreiddar.
5. Rætt var um framkvæmd jólaföndurs í desember s.l. Fram kom að það þyrfti að stytta boðleiðir til að tryggja að upplýsingar skili sér til réttara aðila. Ákveðið var að tölvupóstur yrði sendur til umsjónarkennara, sem síðan myndi setja upplýsingar inn á facebook síður árganga og merkja þá aðila sem eru í vetrarhóp í þá færslu. Annars var almenn ánægja með framkvæmd föndursins.
6. Ákveðið var að foreldrafélagið myndi semja yfirlýsingu til að setja inn á heimasíðu Grunnskólans, um mikilvægi þess að foreldrar taki þátt í viðburðum á vegum skólans með börnum sínum.
7. Katrín Andersen kom með endurskinsmerki sem keypt voru af félaginu. Ákveðið var að þeim yrði dreift til barna næsta haust. Katrín tók að sér að koma merkjunum til skólaritara, til geymslu.
8. Þar sem félagið á pening var ákveðið að reyna að finna uppákomur fyrir nemendur, leiksýningar, forvarnarmyndir eða eitthvað í þeim dúr. Kom upp hugmynd um fyrirlestur frá Bjarna Fritzsyni og Kristínu Tómasdóttur um sterka stráka og sterkar stelpur. Stefnt er að þeim viðburði með vorinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18

Katrín Freysdóttir

ritari